


Nr.: SSK-011	01 Stefnuskjal	 VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 30.01.2020		
Höfundur:	SSK-011 Launastefna	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 1 af 2		

Hjá Vatnajökulsþjóðgarði eru starfsfólki greidd laun í samræmi við gildandi kjarasamninga og stofnanasamninga. Það er sameiginleg ábyrgð allra stjórnenda hjá Vatnajökulsþjóðgarði að tryggja samræmi í launaákvörðunum og fylgja launastefnu.

- Laun skulu taka mið af þeim kröfum sem störf útheimta um menntun, þekkingu, reynslu, hæfni og ábyrgð.
- Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmörgum þáttum, svo sem menntun, starfsreynslu, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi og vinnuaðstæðum.
- Launaákvörðanir skulu byggðar á málefnalegum forsendum, vera í samræmi við samninga og skulu skjalfestar, rökstuddar og rekjanlegar.
- Starfslýsingar skulu vera til fyrir öll störf. Í starfslýsingu koma fram allir meginþættir starfs og ábyrgðarsvið.
- Konur og karlar skulu njóta sambærilegra kjara og réttinda fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.
- Launastefna samrýmist mannauðsstefnu Vatnajökulsþjóðgarðs.

JAFNLAUNASTEFNA

Jafnlaunastefna er órjúfanlegur hluti af launastefnu Vatnajökulsþjóðgarðs. Tilgangur og markmið jafnlaunastefnu er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla. Öllum starfsmönnum skulu greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta er skv. skilyrði 19. gr. jafnréttislaga og öðrum lögum og kröfum sem gerðar eru til þjóðgarðsins. Laun og önnur starfskjör skulu ákvörðuð á málefnalegan hátt og ekki fela í sér kynjamismunun auk þess sem launaákvörðanir skulu vera í samræmi við kjara- og stofnanasamninga.


Jafnlaunastefnan nær yfir alla starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs og tekur mið af launastefnu. Með starfsmanni er átt við alla einstaklinga með ráðningarsamband við þjóðgarðinn og sem eru á launaskrá hans.

Til að fylgja eftir jafnlaunastefnu skuldbindur þjóðgarðurinn sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012
- Fylgja viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem stofnunin undirgengst varðandi þá meginreglu að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf
- Setja fram jafnlaunamarkmið sem skulu rýnd árlega ásamt virkni jafnlaunakerfisins
- Framkvæma launagreiningu að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort munur mælist á launum eftir kyni
- Vinna að stöðugum umbótum, sinna eftirliti og bregðast fljótt við ef þörf krefur
- Kynna jafnlaunastefnu árlega fyrir öllum starfsmönnum ásamt niðurstöðum launagreininga
- Gera jafnlaunastefnu aðgengilega almenningi og starfsmönnum á ytri vef þjóðgarðsins.

ENDURSKOÐUN

Jafnlaunastefnan skal endurskoðuð árlega.

Nr.: SSK-011	01 Stefnuskjal	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 30.01.2020		
Höfundur:	SSK-011 Launastefna	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 2 af 2		

TILVÍSANIR OG ATHUGASEMDIR

SSK-001 Mannauðsstefna
SSK-002 Jafnréttisáætlun VJP
SKR-004 Jafnlaunamarkmið